

Stofnfundargerð Þróunarfélags Hríseyjar

haldinn í Hlein 22. júní 2023 kl. 20:00.

Fundinn sóttu 21 manns.

Dagskrá

1) Kosning fundarstjóra og fundarritara

Lagt til að Þórgnýr verði fundarstjóri og Ingólfur fundarritari. Samþykkt samhljóða.

2) Samþykktir félagsins

Lagðar fram drög að samþykktum félagsins og þær kynntar fundarmönnum. Samþykktir bornar undir atkvæði og samþykktar með öllum greiddum atkvæðum.

3) Árgjöld ákveðin

Lögð fram tillaga um að félagsgjöld fyrsta árið verði:

- a) Einstaklingar: 5.000 kr.
- b) Aðrir lögaðilar: 15.000 kr.
- c) Fyrirtæki: 25.000 kr.

Tillagan samþykkt með öllum greiddum atkvæðum.

4) Kosning í stjórn

Framboð til formanns: Unnur Inga Kristinsdóttir

Framboð til stjórnarsetu: Gísli Rúnar Víðisson, Hrönn Traustadóttir, Ingimar Ragnarsson og Ingólfur Sigfússon.

Í samþykktum kemur fram að á stofnfundi skal kjósa þrjá stjórnarmenn til tveggja ára og tvo til eins árs. Þar sem fleiri framboð bárust ekki telst stjórnin sjálfkjörin og hlaut lófaklapp viðstaddra fundargesta. Samþykkt var að stjórninni er falið að ákveða hvaða stjórnarmenn sitja til tveggja ára og hverjir til þriggja ára.

5) Kosning á skoðunarmönnum reikninga

Kjósa skal tvo skoðunarmenn reikninga félagsins til eins árs

Klas Rask og Narfi Freyr Narfason buðu sig fram og hlutu lófaklapp viðstaddra.

6) Nýkjörinni stjórn var farið að tilkynna félagið til fyrirtækjaskrár

Tillagan samþykkt samhljóða.

Fleiri mál voru ekki tekin fyrir og var fundi slitið kl. 20:30.

Hrísey, 22. júní 2023